

Fornleifakönnun á hluta jarðarinnar Hlíð í Álftafirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Maí 2011
NV nr. 14-11

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR	3
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	3
2.2 AÐFERÐAFRÆÐI	4
3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR	4
3.1 SAGA HLÍÐAR.....	4
3.2 FORNLEIFASKRÁNING HLÍÐ- OG ÍS-NÚMER.....	5
4. NIÐURSTAÐA	14
5. ÞAKKIR.....	14
6. KORT.....	15
7. HEIMILDASKRÁ	17

1. Inngangur

Að beiðni Eggerts Nielson gerði fornleifafræðingur frá Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun á 15 hektara spildu úr landi jarðarinnar Hlíð í Álftafirði í Súðarvíkurhrepp. Þar á að rísa frístundabyggð og eru fyrirhugaðar 15 lóðir fyrir sumarhús á svæðinu, sem er bæði ofan og neðan Þjóðvegjar. Fornleifakönnunin fór fram 13. apríl og var gerð af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur fornleifafræðingi sem jafnframt annaðist skýrsluskrif. Kortagerð annaðist Hulda Birna Albertsdóttir.

2. Markmið og aðferðir

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdir getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi, en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir innan skipulagssvæðis voru skráðir og teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með nákvæmu GPS mælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af þeim.

3. Skrá yfir fornleifar

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Hlíð 141416) og hins vegar Jarðatali Johnsens frá 1847 (d. Hlíð- 158). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS- Hlíð 141416 -158-001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, allar fornleifar á jörðinni flokkast undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyru við ritun jarðatalsins.

3.1 Saga Hlíðar

Fyrstu heimildir sem fundust um jörðina Hlíð eru frá árinu 1458 en í Íslensku fornbréfasafni má finna upptalningu á eignum Vatnsfjarðar Kristínar og þar er getið um reka í landi jarðarinnar Hlíðar sem hún virðist eiga rétt á.¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem tekin var saman í byrjun 18. aldar segir um Jörðina Hlíð í Eyrarhrepp að þar séu tvær jarðir sem standa innan garða. Stærri bærinn er tólf hundruð en sá minni fjögur hundruð Einnig er sagt frá fornu eyðibýli sem bar nafnið

¹ *Íslenskt fornbréfasafn V. 1330-1476*. Kaupmannahöfn, 1899-1902. (DI V)

Brekustekkur en hefur verið í eyði lengur en menn muna og getur ekki byggst aftur sökum heyskaparleysis². Í jarðatali Johnsen sem gefin var út árið 1848 er jörðin 18 hundaraða jörð og í Fasteignabók frá 1932 er jörðin nefnd Hlíðarkot.

3.2 Fornleifaskráning Hlíð- og ÍS-númer

Hlíð 141416 -158-001

Hlutverk Býli

Tegund Bæjarhóll

Sérheiti Hlíð I

Staðsetning N618600 E317931

Staðhættir Núverandi íbúðarhús í Hlíð stendur á hól sem að öllum líkindum er bæjarhóll Hlíðar I. Á einum stað bak við núverandi íbúðarhús sést í hleðslu [021] sem að öllum líkindum eru leifar frá eldri



Mynd 1. Bæjarhóll (001) Hlíð I.

byggingum á bæjarhólnum.

Minjalýsing Bæjarhóllinn er 85 metrar að ummáli og rís vel upp úr landinu en þó má greina merki þess að hann hefur verið sléttaður, hugsanlega þegar núverandi íbúðarhús var byggt eftir miðja síðustu öld.

Hlíð 141416 -158-002

Hlutverk Býli

Tegund Bæjarhóll

Sérheiti Hlíðarkot

Sérheiti Hlíð II

Staðsetning N618618 E317976

Staðhættir Núverandi íbúðarhús í Hlíð stendur á hól sem að öllum líkindum er bæjarhóll Hlíðar I. Um 50 metrum austan við íbúðarhúsið er stór bæjarhóll og að sögn heimildarmanns, Björns



Mynd 2. Hlíðarkot bæjarhóll (002) sést í hleðslur.

Jónssonar frá Hattardal, stóð þar torfbærinn Hlíð II (Hlíðarkot) fram undir 1950.

Minjalýsing Bæjarhóllinn er 100 metrar að ummáli og rís vel upp úr landinu. Hann virðist ekki hafa verið sléttaður og má sjá hleðslur standa upp úr sverði á a.m.k. einum stað.

² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1981:174

Hlíð 141416 -158-003

Hlutverk Býli

Tegund Bæjarhóll

Sérheiti Hlíð III

Staðsetning N618667 E318006

Staðhættir Núverandi íbúðarhús í Hlíð stendur á hól sem að öllum líkindum er bæjarhóll Hlíðar I. Um 50 metrum austan við íbúðarhúsið er stór bæjarhóll og að sögn heimildarmanns, Björns Jónssonar, stóð þar torfbærinn Hlíð II fram undir 1950. Um 50 metra frá bæjarhól Hlíðar II eru miklar þústir og greinilegt að þar hafa verið byggingar. Að sögn heimildarmanns stóð Hlíð III á þessu svæði og þústirnar því leifar þess bæjar. Ekki er um að ræða bæjarhól en vel er greinilegt að þarna hafa staðið byggingar.

Minjalýsing Svæðið er 147 metrar að ummáli. Grjót og óljósar veggjaleifar má greina á svæðinu.


Hlíð 141416 -158-004

Hlutverk Býli

Tegund Heimild

Staðsetning N618458 E318035

Staðhættir Í örnefnalýsingu frá bænum Hlíð segir: „Niður á bökkunum fyrir innan gilið eru tvö gömul tómtúsbylí, sem hétu Lækjarhóll og Brekkunes.“



Teikning 1. Teikning af rúst (004).

Minjalýsing Niður á bökkum, alveg niður við fjöru, eru nokkrar rústir og a.m.k. ein sem gæti hafa verið bær. Sú er áberandi stærst. Rústin er líklega þrjú rými og hugsanlega garður eða einhverskonar aðhald við hliðina. Rýmin eru opin út á fjörðinn. Hleðslur eru lægstar 0,5 m en hæstar um 1 m. Breidd veggja er um 1,5 m. Vel sést í hleðslur og rústin er mjög greinileg.

Hlíð 141416 -158-005

Hlutverk Býli/þurrabúð

Tegund Heimild


Staðsetning N618439 E318002

Staðhættir Í örnefnalýsingu frá bænum Hlíð segir „Niður á bökkunum fyrir innan gilið eru tvö gömul tómtúsbylí, sem hétu Lækjarhóll og Brekkunes. Á bökkunum fyrir neðan bæinn Hlíð eru rústir nokkurra húsa en erfitt er að gera sér grein fyrir hver not þeirra hafa verið.“

Minjalýsing Ein rústin er nokkuð stór og gæti hugsanlega hafa verið íbúðarhús eða þurrabúð eins og lýst er í örnefnaskrá. Rústin er eitt hólf og opin í austur. Veggir eru nokkuð heilir og hæstir eru þeir um 1 metri. Þeir eru um 2 metrar á breidd. Húsið hefur verið að mestu hlaðið úr grjóti og það sést greinilega í hleðslurnar þó þær séu vel grasi vaxnar.



Mynd 3. Rúst (005).



Teikning 2. Rústirnar á bökkunum fyrir neðan Hlíð.

Hlíð 141416 -158-006

Hlutverk Óþekkt

Tegund Rúst

Staðsetning N618445 E318025

Staðhættir Á bökkunum fyrir neðan bæinn Hlíð eru rústir nokkurra húsa en erfitt er að gera sér grein fyrir hver not þeirra hafa verið.

Minjalýsing Rúst þessi er há og samfallin en það má samt enn greina vegg, þó þeir séu nær alveg innfallnir. Rústin stendur fast við niðurgrafið naust [007] og við hlið stærstu rústarinnar [004]. Veggir eru alveg að á sumum stöðum og yfir einn metri á hæð, en hafa fallið inn í rústina.

Hlíð 141416 -158-007

Hlutverk Naust

Tegund Niðurgröftur/hleðsla

Staðsetning N618440,417 E38020,453

Staðhættir „Á bökkunum fyrir neðan bæinn Hlíð niður við fjöruborðið eru rústir nokkurra húsa og naust.“



Mynd 4. Naust (007).

Minjalýsing Naustið er niðurgrafið með hlöðnum

hliðum og hefur verið gert fyrir einn langan bát og annan minni. Bátur er í naustinu ásamt veiðarfærum svo það er enn í notkun. Stærra naustið er 13 metrar á lengd en það minna er 7 metrar. Breidd þeirra til samans, þar sem ekki er skilrúm á milli, er 6 metrar. Naustið er grafið um metra niður í jarðveginn og sést vel í hleðslur.

Hlíð141416 -158-008

Hlutverk Óþekkt

Tegund Hleðsla/rúst

Staðsetning N618470,849 E318055,680

Staðhættir Á bökkunum fyrir neðan bæinn Hlíð, niður við fjöruborðið, eru rústir nokkurra húsa og naust. Við hliðina á stærstu rústinni [004] á bökkunum neðan við Hlíð er hleðsla sem líklega hefur verið bygging.



Mynd 5. Rúst, hugsanlega hluti af húsi (008).

Minjalýsing Hleðslan er 6 metra austur af rúst [004] og það virðist vanta hliðina sem snýr út að firðinum. Líklegt er að veggurinn hafi hrunið niður af bakkanum. Fjórar greinilegar hliðar eru eftir og hefur rústin verið ílöng.

Hlíð 141416 -158-009

Hlutverk Tómothús

Sérheiti Á Steini

Tegund Heimild

Staðsetning Fannst ekki

Staðhættir Í örnefnaskrá segir: „Fyrir neðan veginn og innan til við gilið eru tóttarbrot af gömlu tómothúsbylí sem nefnd var Á Stein.“

Minjalýsing

Hlíð 141416 -158-010

Hlutverk Uppsátur

Tegund Vör

Staðsetning N618443 E318023

Staðhættir Á bökkunum niður í fjöruborðinu, fyrir neðan bæinn Hlíð, eru nokkrar rústir og naust. Fyrir framan naustið er rudd vör.



Mynd 6. Rudd vör með hlöðnum skjólgarði (010).

Minjalýsing Grjótgarður hefur verið hlaðinn út í sjóinn til að mynda skjól þar sem bátarnir hafa komið að landi og verið dregnir upp í naustið.

Hlíð 141416 -158-008

Hlutverk Óþekkt

Tegund Hleðsla/rúst

Staðsetning N618418 E317934

Staðhættir Um 65 metra vestur af rústasvæðinu, á bökkunum niður af bænum Hlíð, er hleðsla.

Minjalýsing Líklegt er að þetta séu leifar bygginga en aðeins tveir veggir eru sjáanlegir. Veggirnir eru 7 metrar hvor og liggja í austur-vestur og norður-suður.



Mynd 7. Hlaðið naust (009).

Hlíð 141416 -158-009


Hlutverk Rúst

Tegund Naust

Staðsetning N618504 E318092

Staðhættir Um 50 metra norðaustur af rústasvæðinu, á bökkunum fyrir neðan bæinn Hlíð, niður við fjöruborðið er naust.

Minjalýsing Naustið hefur tvö rými sem eru hlaðin og sjást hleðslur vel undir grasinu sem þekur efri hluta veggjanna. Naustið er 9 metrar á breidd og 7 metrar á lengd og opið út á fjörðinn.



Teikning 3. Teikning af naustum (009).

Hlíð 141416 -158-010

Hlutverk Vegur

Tegund Samgöngubót

Staðsetning N618574 E318192

Staðhættir Um 83 metra norðaustur af nausti [009] er upphlaðinn vegur.

Minjalýsing Vegurinn er gamli vegslóðinn um Álftafjörð sem liggur meðfram ströndinni í átt að Langeyri. Vegurinn er um 70 metrar á þessum kafla, mjög greinilegur og upphlaðinn.



Mynd 8. Gamli vegurinn um Álftafjörð.

Hlíð 141416 -158-011

Hlutverk Óþekkt

Tegund Þústir

Staðsetning N618521 E318051

Staðhættir Um 40 metra NNV af nausti [009] eru þústir á sléttu túni.

Minjalýsing Ekki er hægt að sjá neinar rústir á svæðinu, aðeins þústir, sem eru á sléttu túni. Greinilegt er að þetta svæði er ekki slegið í miðju sem bendir til þess að þarna sé grjót. Þó er ekki hægt að segja til um það með fullri vissu hvort minjar leynast þarna undir sverði.

Hlíð 141416 -158-012

Hlutverk Naust

Tegund Rúst

Staðsetning N618435 E318021

Staðhættir Um 308 metra suðaustur af bænum Hlíð, suður af þjóðvegi, alveg niður við fjöruborð, er naust.

Minjalýsing Naustið er niðurgrafið í bakkann og það sést í hleðslur á stöku stað. Naustið er 4 metrar á breidd og 7 metra langt.



Mynd 9. Fjánhús (013) með steypu fjárbaði ofan við Hlíð.

Hlíð 141416 -158-013

Hlutverk Fjánhús


Tegund Rúst

Staðsetning N618712 E317966

Staðhættir Uppi í hlíðinni, 100 metrum fyrir ofan bæinn Hlíð, eru rústir af fjánhúsi.

Minjalýsing Rústin er 7 metrar á breidd og 9 metrar á lengd. Veggir eru um 1 metri á hæð og um 2 metrar á breidd, þar sem þeir hafa fallið nokkuð. Inni í rústinni er steinsteypt fjárbað.

Húsið hefur verið byggt úr torfi og grjóti og líklega notað vel fram á síðustu öld.



Teikning 4. Teikning af fjánhúsi (013).

Hlíð 141416 -158-014

Hlutverk Útihús/fjánhús

Tegund Rúst

Staðsetning N618701 E317913

Staðhættir Innan túns hjá bænum Hlíð, 100 metra norður af núverandi íbúðarhúsi og 45 metra austur af fjánhúsi [013], er rúst af útihúsi.

Minjalýsing Rústin er 11 metrar á breidd þar sem hún er breiðust og 13 metrar á lengd. Hún er breiðari í endann og þar hefur líklega verið hlaða. Veggir eru um 1 metri á hæð og 2 metrar á breidd þar sem þeir eru fallnir. Húsið hefur

verið hlaðið úr torfi og grjóti og líklega notað fram á síðustu öld.



Mynd 10. Fjánhús (014) fyrir ofan bæinn Hlíð.

Hlíð 141416 -158-015

Hlutverk Garðlag

Tegund Garður

Staðsetning N618685 E317978

Staðhættir Suður af rúst [13], eða um 10 metra frá, er garðlag sem nær að rústasvæði frá Hlíð III.

Minjalýsing Garðurinn er um einn metri á breidd. 30 cm hár þar sem hann er lægstur, en nær upp í ½ metra. Garðurinn er 36 metrar á lengd og liggur í norður-suður.



Mynd 11. Garðlag (015) framan við fjárhús (013).

Hlíð 141416 -158-016

Hlutverk Óþekkt/útihús

Tegund Rúst

Staðsetning N618713 E318081

Staðhættir Um 185 metra NNA frá núverandi íbúðarhúsi í Hlíð, á sléttu túni, við hlið lækjar sem rennur niður hliðina, er lítill rúst.

Minjalýsing Rústin er 2x2 metrar að innanmáli og dyr snúa í suður. Veggir eru alveg heilir og ófallnir og eru um 1,5 metri á hæð. Timburdrasl er á gólfi rústarinnar, líklega leifar af þaki. Líklegt er að þetta sé lambhús, hrútakofi eða hesthús.



Mynd 12. Rúst (016) af litlu húsi, veggir eru heilir.

Hlíð 141416 -158-017

Hlutverk Vegur

Tegund Traðir

Staðsetning N618576 E317968

Staðhættir Milli bæjarhóla Hlíðar I og Hlíðar II er gamall vegur, eða tröð, sem legið hefur heim að bæjunum áður. Annar vegur er notaður í dag.

Minjalýsing Vegurinn er mjög greinilegur niður túnið frá núverandi íbúðarhúsi í Hlíð.



Mynd 13. Traðir (017) að bænum Hlíð.

Hlíð 141416 -158-018

Hlutverk Smiðja

Tegund Heimild

Staðsetning N618686 E318131

Staðhættir Á sléttu túni, um 218 metra austur af núverandi íbúðarhúsi í Hlíð og 57 metra suðaustur af rúst [16], stóð smiðja, að sögn Björns Jónssonar heimildarmanns.

Minjalýsing Ekkert er sjáanlegt á yfirborði af þessari smiðju en heimildarmaður (BJ) gat nokkurn veginn bent á hvar hún stóð.

Hlíð 141416 -158-019

Hlutverk Óþekkt

Tegund Hlaðið gerði

Staðsetning N618700 E318190

Staðhættir Um 280 metra norðaustur af núverandi bæjarhúsi í Hlíð, á sama túni og rúst [013] stendur á. Alveg niður við þjóðveg er ferhyrnd hleðsla.

Minjalýsing Hugsanlega er um að ræða



Mynd 14. Hlaðið gerði (019).

kálgarð eða rétt af einhverju tagi. Svo virðist sem suðurhliðin sé horfin, líklega vegna vegaframkvæmda. Stærðin er 7x8 metrar og breidd hleðsla 1-2 metrar.

Hlíð 141416 -158-020

Hlutverk Óþekkt

Tegund Rúst

Staðsetning N618680 E318255

Staðhættir Suður af þjóðvegi um Álftafjörð, 320 metra austur af Hlíð, er ógreinileg rúst.

Minjalýsing Rústin er mikið fallin og illgreinileg.

Hlíð 141416 -158- 021

Hlutverk Óþekkt

Tegund Hleðsla

Staðsetning N618618 E317937

Staðhættir Að baki núverandi íbúðarhúsi á Hlíð er hleðsla.

Minjalýsing Hleðslan er 12 metrar á lengd og á yfirborði er sjáanleg einföld röð af grjóti.

4. Niðurstaða

Á fyrirhuguðu skipulagssvæði fundust 20 minjar. Flestar þeirra voru innan heimatúns bæjarins Hlíðar og þar eru greinilegir þrír bæjarhólar. Hitt svæðið er niður af bökkunum, neðan við bæinn, alveg við fjöruborðið. Þar eru margar minjar og heimildir um þurrabúðir.

Ljóst er að framkvæmdir á þessum svæðum gætu haft í för með sér skemmdir á fornleifum, þar sem það er líklegt að fleiri minjar séu undir sverði en þær sem sýnilegar eru á yfirborði. Í 10. grein Þjóðminjalaga segir: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“


Eins og áður hefur komið fram eru ekki allar minjar sýnilegar á yfirborði. Ef óþekktar minjar koma fram við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins.

Svæðið hefur nú þegar verið skipulagt án þess að fornleifaskráning hafi legið fyrir og verður því að taka tillit til minja við skipulagningu á framkvæmdum á svæðinu.

5. Þakkir

Þakkir fá heimilisfólkið í Hlíð, Eggert Nielson og Michelle Nielson, fyrir góðar móttökur. Björn Jónson bóndi í Minni-Hattardal fær þakkir fyrir veittar upplýsingar.

6. Kort



7. Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

Íslenskt fornbréfasafn V. 1330-1476. Kaupmannahöfn, 1899-1902.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland: samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentuð í J.H. Schultz's prentsmiðju. 1861.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá Hlíðar í Álftafirði